

RVK Studios ehf.  
Laugavegi 176  
105 Reykjavík

Reykjavík 2. júlí 2019  
UST201906-172/H.G.  
09.08.02

### **Efni: Umsókn um leyfi - Akstur utan vega og drónamyndataka - Ýmsir staðir**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn RVK Studios ehf., dagsett 18. júní, um akstur utan vega á Hjörleifshöfða, við Sólheimajökul og Kleifarvatn. Einnig er sótt um leyfi til drónamyndatöku við Hverfjall/Hverfell og Sólheimajökul.

Kleifarvatn er í Reykjanesfólkvangi sem er friðlýstur sbr. auglýsing í Stjórnatíðindum nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Hverfjall/Hverfell er friðlýst sem náttúruvætti sbr. auglýsing nr. 1261/2011. Óheimilt er að trufla dýralíf af ásetningi innan marka náttúruvættisins.

Hjörleifshöfði er ekki friðlýstur, hins vegar þarf leyfi Umhverfisstofnunar til þess að aka utan vega.

Sólheimajökull er ekki friðlýstur, hins vegar þarf leyfi Umhverfisstofnunar til þess að aka utan vega.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvíkmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

#### **Lýsing verkefnis:**

Sótt er um leyfi til utanvegaaksturs til að koma búnaði að tökustað, ekki til að mynda ökutæki utan vega. Eins er sótt um leyfi til drónaflugs. Fjöldi starfsmanna við verkefnið er 125 sem notast við 4 eldhústrukka, 5 tækjabíla og um 25 starfsmannabíla. Við tökurnar verða engin dýr notuð og engar leikmyndir. Fyrirhugað er að nota litlar reyk- og gufuvélar.

Við Hverfjall/Hverfell er óskað eftir leyfi til að mynda með dróna þann 9. júlí 2019. Að þeim tökum munu koma 13 starfsmenn. Ekki er þörf á að loka svæðinu en það mun þurfa að stýra umferð fólks um svæðið. Við Hjörleifshöfða er óskað eftir leyfi til að keyra utan vega þann 3. júlí 2019 í því skyni að keyra búnað á tökustað. Ekið verður með búnað frá höfðanum að Arnardrangá á tveimur sexhjólum og tveimur pallbílum. Áætlað er að ekið verði utan vega í flæðarmálinu. Grunnbúðir verða lagðar í fjöruna. Á svæðinu verða í heildina 35 ökutæki sem lögð verða á bílastæðinu vestan megin, en þó nokkur rétt utan slóða fyrir sunnan og fyrir framan hellinn. Við Sólheimajökul er óskað eftir leyfi til að aka utan vega þann 4. júlí 2019. Ekið verður á einum sendibíl sem verður aðstaða fyrir leikara, tveimur sexhjólum og einum

pallbíl, með búnað, í um 120 metra frá gamla stæðinu að fjörunni. Á gamla stæðinu verða 12 bílar. Á Sólheimajökli er jafnframt óskað eftir leyfi til þess að fljúga dróna til að ná landslagi inná jöklum. Flogið verður í um 40 metra hæð í beinni línu niður jökulinn, neðst við jökulinn verður lækkað flughædina, 7 starfsmenn koma að þessu verkefni. Við Kleifarvatn er sótt um leyfi til utanvegaakstur í fjörunni við Indíánahöfða þann 7. júlí 2019. Tilgangur utanvegaakstursins er að koma búnaði í fjöruna á sem skilvirkastan hátt sem og hafa grunnbúðir sem næst tökustað. Tveir leikarar verða á svæðinu ásamt tökuliði sem notast við sexhjól og jeppa. Einnig er óskað eftir leyfi til þess að leggja bíum í fjöruna.

### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun telur miðað við ofangreinda verkefnalýsingu að verkefnið við Hverfjall/Hverfell muni ekki hafa áhrif á náttúrufar eða jarðmyndanir á svæðinu. Þá má ætla að áhrif vegna flugs dróna og minniháttar stýringar á umferð munu hafa minniháttar áhrif á gesti svæðisins. Hægt er að draga úr neikvæðum áhrifum á svæðinu með því að gæta þess að ekki sé gengið á utanverðum hlíðum Hverfjalls/Hverfells. Öll umferð gangandi aðila skal bundin við göngustíga með þeirri undantekningu að heimilt er að ganga um að innanverðar hlíðar gígskálarinnar.

Við Hjörleifshöfða er sótt um leyfi til aksturs utan vegar, stofnunin telur verkefnið hafa neikvæð áhrif á svæðið til skamms tíma. Áhrifin eru þó tímabundin þar sem leyfishafi mun afmá öll för í sandinum. Leyfishafi skal gæta þess að aka ekki yfir gróður.

Á Sólheimajökli er sótt um leyfi til aksturs utan vegar og drónamyndatöku. Stofnunin telur verkefnið hafa neikvæð áhrif á svæðið til skamms tíma þar sem leyfishafi mun afmá öll för í sandinum.

Á Kleifarvatni er sótt um leyfi til aksturs utan vegar. Stofnunin telur verkefnið hafa neikvæð áhrif á svæðið til skamms tíma þar sem leyfishafi mun afmá öll ummerki aksturs utan vegar.

Ljóst er að verkefnin eiga eftir að hafa tímabundin neikvæð áhrif á friðsæld svæðisins og upplifun gesta sem fer um svæðin.

### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyfi fyrir akstri utan vegar og drónamyndatöku sbr. lýsingi hér að ofan 3.-9. júlí að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólk í þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga að verkefni loknu.
- Einungis skal gengið eftir merktum göngustígum og óheimilt er að fara inn á lokað svæði.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.

- Koma skal fyrir merkingum á tökustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Allur akstur utan vega umfram það sem heimilað er í leyfi þessu er bannaður.
- Ef leggja þarf vélknúnum ökutækjum utan skilgreinds bílastæðis er heimilt að leggja þeim bílbreidd frá vegi ef það veldur ekki náttúruspjöllum eða slysahætti, þó þannig að það samræmist ákvæðum umferðarlaga og fyrirmælum yfirvalda um umferðaröryggi skv. 1. mgr. 31. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökti berist ekki í jarðveg/vatn.
- Halda skal akstri utan vega í lágmarki. Styðjast skal við eins fáa ökuslóða eins og kostur er. Einungis skal ekið og sandi og því skal sneiða framhjá gróðurþekjum sem gætu verið á svæðinu.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar á internetinu skal það tekið fram í myndbandinu að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólk og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum eða fuglum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Flugtíma skal halddið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja loftfarið né hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess ef það brotlendir eða bilar.
- Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.
- Flugtíma skal halddið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægt.
- Einungis skal gengið á merktum göngustígum.
- Losun ferðasalerna skal fara fram á viðurkenndum losunarstað utan hins friðlýsta svæðis.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Afmá skal öll ummerki verkefnisins á svæðinu að því loknu.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.


**Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvíkmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015. Var reikningur gefin út við móttöku umsóknar. Vinna við afgreiðslu umsóknarinnar varð umfangsmeiri en gert er ráð fyrir í grunngjaldi. Í gjaldskrá er gert ráð fyrir að vinna við afgreiðslu umsóknar um leyfi til kvíkmyndatöku á friðlýstu svæði séu 4 klukkustundir. Vinna við afgreiðslu umsóknarinnar var samtals 6 tímar. Stofnunin áformar því að gefa út reikning fyrir þessa umframvinnu, þ.e. fyrir 2 klukkustundir, kr. 13.200- fyrir hverja klukkustund. Umhverfisstofnun áformar því að innheimta aukagjald, samtals **kr. 26.400-**, fyrir umframvinnu sérfræðings við afgreiðslu leyfisins.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

  
Sigrún Agústsdóttir  
sviðsstjóri

  
Daníel Freyr Jónsson

Daníel Freyr Jónsson  
sérfræðingur